

Heilbrigðsráðherra, ágætu gestir.

Verið hjartanlega velkomin hingað í Hátíðasal Háskóla Íslands á þetta málþing sem ber yfirskriftina: *Út úr kófinu – heilsa, efnahagur og stjórnmal*

Ég vil byrja á að færa skipuleggjendum málþingsins sérstakar þakkir, þeim Engilbert Sigurðssyni og Magnúsi Gottfreðssyni sem báðir eru prófessorar við Læknadeild. Dagskráin sem þeir hafa sett saman handa okkur í dag er einstaklega metnaðarfull og mun án efa margt fróðlegt bera á góma.

Viðfangsefnið er enda mikilvægt – hvað má ætla að gerist þegar við komum út úr veirufaraldrinum á sviði heilsu, efnahagsmála og stjórnmála.

Íslenskt samfélag hefur að mörgu leyti staðist prófið vel undanfarna mánuði. Brugðist var hratt við, farið var snemma að skima, prófa og einangra.

Farið var að ráðum okkar færustu sérfræðinga, hlustað á vísindin og gögn rýnd. Við stóðum saman sem samfélag og af því megum við vera stolt.

Það er hins vegar ljóst að næstu skref sem við tökum sem samfélag munu hafa mikið um það að segja hvernig við komum undan þessum heimsfaraldri. Því hlakka ég mikið til að hlýða á erindin sem flutt verða hér á eftir og fylgjast með umræðum.

Mikilvægi vísindanna er mikið í þessu sameiginlega verkefni heimsbyggðarinnar. Háskóli Íslands hefur komið að COVID-tengdum aðgerðum með ýmsum hætti, m.a. í samstarfi við Landlækni, Sóttvarnarlækni, Landspítalann og Íslenska erfðagreiningu. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þessum mikilvægu samstarfsaðilum fyrir frábært samstarf.

Þá vil ég einnig þakka öllu starfsfólki og nemendum Háskóla Íslands sem staðið hafa í ströngu undanfarnar vikur. Sérstaklega vil ég nefna vísindamenn okkar, undir forystu Thors Aspelund, prófessors, Unni Önnu Valdimarsdóttur, prófessor, Jóhönnu Jakobsdóttur, líftölfræðing, og Brynjólf Gauta Jónssonar líftölfræðing, sem ásamt fleirum þróuðu spálíkan um þróun COVID-19 hérlendis. Spálíkanið var ekki bara mikilvægt í skipulagi og áætlunargerð viðbragðsaðila, meðal annars á Landspítalanum. Það gegndi líka öðru, en ekki síður mikilvægu, hlutverki sem var að koma samfélaginu öllu á sömu blaðsíðu hvað varðar væntingar um umfang faraldursins. Þetta skipti miklu máli til að viðhalda samstöðunni sem við sáum hér viku eftir viku. Við sáum hvernig fjölmiðlar treystu spálíkaninu og vísuðu ítrekað í það í opinberri umræðu í stað þess að freistast til þess að eltast við órökstudda spádóma.

Hafið öll sem komuð af COVID tengdum verkefnum miklar þakkir fyrir ykkar góða og mikilvæga starf.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að sinni og vona að þið hafið gagn af málþinginu sem nú er að hefjast. Magnús Gottfreðsson, prófessor tekur nú við stjórn fundarins.